

skoðunarmennirnir telji vélbátinn vera með áorðnum skemmdum, né heldur það, hvað viðgerð á honum mundi kosta mikið. Þá er þess heldur ekki getið, hvort skemmdir þær, sem á bátnum voru, er skoðunin fór fram, stafi af strandinu eingöngu eða einnig af öðrum orsökum.

Brestur því á sönnun um það, að vélbáturinn hafi verið óbætandi, er skoðunargerðin fór fram, og þar sem sá tryggði (í þessu tilfelli stefnandi í hans stað) hefir ekki á annan hátt fært sönnur á, að skilyrðum váttryggingarskilmálanna hafi að þessu leyti verið fullnægt, verður, þegar af framangreindum ástæðum, að taka sýknukröfu stefnds í málinu til greina, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Þvi dæmist rétt vera:

Stefnt, Sjóváttryggingarfélag Íslands h/f., á að vera sýknt af kröfum stefnanda, Veiðarfæraverzlunarinnar Verðandi s/f., í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 16. janúar 1939.

Nr. 21/1937. **Jón Kjartansson, Valtýr Stefánsson, Páll Steingrímsson, Ragnhildur Pétursdóttir og Guðrún Jónasson**

(Jón Ásbjörnsson)

gegn

Sveinbirni Högnasyni f. h. Mjólkursamsölunnar og gagnsök

(Guðmundur Guðmundsson cand. jur.).

Bætur dæmdar vegna ólögmeats „boycotts“.

Dómur hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms í máli þessu, hefir einn af aðiljum þess, frú Guðrún Lárusdóttir, látizt.

Hefir gagnáfrýjandi hér fyrir dómi fallið frá öllum kröfum á hendur dánarbúi hennar í sambandi við mál þetta.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu hingað til réttarins með stefnu 16. marz 1937. Krefjast þeir að-allega algerðrar sýknu, en til vara, að dæmd skaðabótaupphæð verði færð niður eftir mati réttarins. Svo krefjast þeir og málskostnaðar fyrir báðum réttum, hvor krafan sem til greina yrði tekin.

Gagnáfrýjandi hefir gagnáfrýjað málinu með stefnu 3. júlí 1937 að fengnu áfrýjunarleyfi 28. júní s. á. Krefst hann þess, að aðaláfrýjendur verði in solidum dæmdir til að greiða honum f. h. Mjólkursamsölunnar kr. 5000.00 með 5% ársvöxtum frá stefnudegi, 21. marz 1935, til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Í sambandi við „boycott“ það, sem Húsmæðrafélag Reykjavíkur samþykkti að hefja og hóf gegn Mjólkursamsölnni, birti félagið áskoran til allra húsmæðra hér í bænum um takmörkun mjólkurkaupa. Verður að telja, að félagið hafi með því gengið lengra í aðgerðum sínum gagnvart Mjólkursamsölnni en heimilt var. Þar eð meðáfrýjendur frúrnar Ragnildur Pétursdóttir og Guðrún Jónasson voru í stjórn nefnds félags og höfðu þar með forgöngu fyrir því, að ofangreindar áskoranir voru birtar, má á það fallast, að þær hafi orðið ábyrgar fyrir því tjóni, sem Mjólkursamsalan kann að hafa beðið vegna þessara aðgerða. Þá hafa og ritstjórar þeir, sem til ábyrgðar eru sóttir í máli þessu, orðið samábyrgir nefndum frúm með því að taka undir áskoranir og kröfur Húsmæðrafélagsins og veita þeim gengi, meðal annars með óheimilum harðyrð-

um um Mjólkursamsöluna og forráðamenn hennar. Upplýst er, að dregið hefir úr mjólkursölu eftir að „boycottið“ hófst, og mun það hafa átt þátt í því, að svo varð. En þar sem einnig má telja sannað, eins og í héraðsdóminum getur, að mjólk oftnefndrar samsölu hafi að sumu leyti verið ábótavant á þessum tíma, og rekja má minnkaða mjólkursölu að nokkru leyti til þess, þá þykir hæfilegt að telja aðaláfrýjendum til ábyrgðar í þessu máli helming þess tjóns, sem af minnkaðri mjólkursölu hefir leitt frá því að „boycottið“ hófst til 15. marz 1935, er mál þetta var lagt til sátta. Í þessu sambandi skal þess getið, að hér fyrir dómi hafa verið lögð fram ný gögn, er sýna það, að við athugun, er fram fór í október 1935, kom í ljós, að gerillhreinsun mjólkur Mjólkursamsölnnar, eða að minnsta kosti nokkurs hluta mjólkurinnar, var ábótavant. En þar sem ekki er vitað, hvenær þessir gallar á gerillhreinsuninni byrjuðu, og aðiljum máls þessa virðist hafa verið ókunnugt um, að þeir væru fyrir hendi veturinn 1935, er „boycottið“ stóð yfir, þá gat þetta ekki haft nein áhrif á gerðir þeirra á þeim tíma, og skiptir því ekki máli í þessu sambandi.

Gagnáfrýjandi hefir sýnt fram á, að mjólkursala Mjólkursamsölnnar hefir minnkað sem næst um 4200 krónur frá því að „boycottið“ hófst, 25. febr. 1935, til 15 marz s. á., sé miðað við mjólkursöluna frá 1. til 24. febr. s. á. Samkvæmt því, er áður segir um ábyrgð aðaláfrýjenda á tjóninu, og með hliðsjón af því, að upplýst er, að unnar voru mjólkurafurðir úr mjólk þeirri, er ekki seldist, þykir hluti sá, sem aðaláfrýjendum ber að greiða, hæfilega ákveðinn 1400 krónur með vöxtum eins og krafizt er, og er ábyrgð þeirra á greiðslu fjárhæðar þessarar solidarisk. Svo ber þeim og að greiða gagnáfrýjanda málskostnað,

og þykir hann eftir niðurstöðu málsins hæfilega ákveðinn 400 krónur samtals fyrir báðum réttum.

Þvi dæmist rétt vera:

Aðaláfrýjendur, Jón Kjartansson, Valtýr Stefánsson, Páll Steingrímsson, Ragnhildur Pétursdóttir og Guðrún Jónasson, greiði in solidum gagnáfrýjanda, Sveinbirni Högnasyni f. h. Mjólkursamsölnunnar, kr. 1400.00 með 5% ársvöxtum frá 21. marz 1935 til greiðsludags og samtals kr. 400.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. jan. 1937.

Mál þetta er eftir árangurslausa sáttumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 21. marz 1935 af séra Sveinbirni Högnasyni f. h. Mjólkursölnunefndar gegn ritstjórum Morgunblaðsins, þeim Jóni Kjartanssyni og Valtý Stefánssyni, ritstjóra Visis, Páli Steingrímssyni, og forgöngukonum „Húsmæðrafélags Reykjavíkur“, þeim frúnum Guðrúnu Lárusdóttur, Ási, Ragnhildi Pétursdóttur, Háteigi, og Guðrúnu Jónasson, Amtmannsstíg 5, öllum hér í bænum, til greiðslu skaðabóta in solidum að upphæð kr. 5000.00, með 5% ársvöxtum frá stefnudegi, 21. marz 1935, til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Í rekstri málsins hefir stefnandi ex tuto gert þá varakröfu, að hinar stefndu forgöngukonur Húsmæðrafélags Reykjavíkur verði in solidum dæmdar til að greiða hinar umstefndu skaðabætur, ef ekki þætti heimilt að sækja hina stefndu ritstjóra með þeim í máli þessu.

Stefnd krefjast *aðallega* frávisunar, en *til vara* sýknu. Ennfremur krefjast stefnd lækkunar á skaðabótaupphæðinni, ef skaðabætur yrðu tildæmdar, og málskostnaðar krefjast þau eftir mati réttarins.

Málavextir eru þeir, að á árinu 1935 voru sett lög um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl. Lög þessi eru nr. 1 frá 7. jan. 1935, og er ákveðið í þeim, að við sölu mjólkur og rjóma skuli landinu skipt í svonefnd verðjöfnunarsvæði eftir nánar tilgreindum reglum og mjólkurframleiðendum óheimilað að selja mjólk eða mjólkurafurðir utan þess verðjöfnunarsvæðis, sem þeir eru á. Undanskilin var sala á osti, fullverkuðu súru skyri, smjöri, niðursoðinni mjólk og þurrmjólk. Samkvæmt 8. gr. laga þessara skyldi ríkisstjórnin skipa 7 manna nefnd til eins árs í senn til að hafa á hendi stjórn mjólkursölumála samkvæmt lögunum, og skyldi nefndin heita Mjólkursölunefnd. Í 5. gr. laganna er ákveðið, að þar sem fleiri en eitt mjólkurbú sé starfandi á sama verðjöfnunarsvæði, skuli öll sala og dreifing mjólkurvara fara fram frá einni sölumiðstöð (samsölu). Samkvæmt þessu ákvæði var komið á samsölu hér í bænum, og var svo ákveðið í síðustu grein laganna (ákvæði um stundarsakir), að mjólkursölunefnd skyldi fyrst um sinn hafa á hendi stjórn hennar.

Mjólkursamsalan hér í bænum hóf starfsemi sína 15. jan. 1935, og sætti starfsemi hennar, svo að segja frá byrjun, miklum aðfinnslum frá Morgunblaðinu og Vísi og nokkrum hóp húsmæðra hér í bæ. Um þetta leyti var stofnað félag húsmæðra hér í bænum, og var það nefnt „Húsmæðrafélag Reykjavíkur“. Hinar stefndu frúr virðast aðallega hafa beitt sér fyrir stofnun þess, og hafa þær verið í stjórn félagskaparins frá byrjun. Á framhaldsstofnfundi félags þessa, sem haldinn var 13. febr. 1935, bar stjórn þess, en í henni voru m. a. stefndar frúr eins og áður segir, fram tillögu þess efnis, að „... fáist ekki nauðsynlegar breytingar á mjólkurlögunum og framkvæmd þeirra fyrir 25. þ. m., þá beiti félagið sér fyrir því, að frá þeim degi verði gerðar ráðstafanir til þess að dregið verði úr mjólkurkaupum, þar til kröfum félagsins verður fullnægt.“ Tillaga þessi var samþykkt á fundinum, og var hún birt í ritstjórnargreinum í Morgunblaðinu og Vísi daginn eftir. Jafnframt skýrðu bæði blöðin frá því, að á fundinum hefði komið fram megn óánægja yfir sleifarlagi, sem væri á samsöluinni, m. a. að því leyti, að hún hefði 3—4 daga gamla mjólk í umferð. 23. febr. var aftur haldinn fundur í húsmæðrafélaginu og þá einróma sáhykkkt svohljóðandi tillaga: „Þar sem kröfum

undangenginna húsmæðrafunda í mjólkursöllumálinu hefir í engu verið sinnt, en þvert á móti hafa verið gerðar ráðstafanir í þveröfuga átt, þá lýsum vér fundarkonur því yfir, að vér munum takmarka mjólkurkaup til heimila vorra svo mjög sem frekast er fært og stuðla að því, að aðrar húsmæður geri hið sama, unz umráðamenn mjólkursamsölnunar fara að sinna kröfum vorum í fullri alvöru.“ Tillaga þessi var birt í ritstjórnargreinum bæði í Morgunblaðinu og Vísi 24. febr. auk þess sem hún var birt sjálfstætt í Morgunblaðinu sem tilkynning frá Húsmæðrafélaginu.

5. marz hélt félagið enn fund, og voru stefndar Ragnhildur Pétursdóttir og Guðrún Jónasson meðal ræðukvenna og hvöttu þær allar húsmæður til að láta engan bilbug á sér finna í „mjólkurmálinu“, hvað sem á gengi. Bæði Morgunblaðið og Vísi skýrðu frá fundi þessum og því, sem þar fór fram.

10. marz birti Morgunblaðið samkvæmt beiðni stjórnar húsmæðrafélagsins svo hljóðandi tilkynningu: „Að gefnu tilefni lætur Húsmæðrafélagið þess getið, að þangað til að viðunanleg úrlausn er fengin á mjólkursölnunni hér í bænum, munu félagskonur halda fast við ákvörðun sína um takmarkaða mjólkurneyzlu.“ Í sambandi við þessa tilkynningu lætur Morgunblaðið þess getið, að tilhæfulaust sé, að samtök húsmæðra í „mjólkurmálinu“ séu farin út um þúfur. Kveður blaðið húsmæður við því búnar, að baráttan geti staðið lengi, og séu þær staðráðnar í að halda henni áfram.

19. jan. 1935 er grein í Morgunblaðinu um fund húsmæðra, sem haldinn var daginn áður. Er þar skýrt frá fundarstörfum og m. a. sagt, að stefnd Guðrún Lárusdóttir hafi haldið ræðu og talað um þá megnu óreglu, sem verið hafi á útsendingu mjólkur, síðan samsalan tók til starfa. Ennfremur segir, að frúin hafi talað um, hve mikill ábyrgðarhluti það væri fyrir mjólkursölnunefnd að girða fyrir sölu á ógerilsneyddri barnamjólk og þvinga mæðurnar til að láta ung börn sín hafa lakari og óheilnæmari mjólk en þær áður höfðu átt kost á. 17. febr. birtist í Morgunblaðinu grein með yfirskriftinni: „Afrek mjólkursölnunefndar“, og er þar skýrt frá því, að mjólkurneyzlan í bænum hafi minnkað um 2400 l. á dag, síðan samsalan byrjaði, og nemi tjön bænda af þessu kr. 350000.00 á ári. Þessi staðhæfing er endurtekin í blaðinu 20. febr. í grein með yfirskriftinni „Mjólkinn“, og því

bætt við, að ríkt hafi hið mesta sleifarlag í framkvæmd mjólkursölunnar, síðan samsalan tók til starfa. Sama dag er í blaðinu grein með yfirskriftinni: „Fáheyrð ósvifni“, þar sem mjög er ráðizt að samsölonni og mjólkursölunefnd og í greinarlok varpað fram þessari spurningu: „Á þetta að þolast? Því svara húsmæðurnar í Reykjavík á mánudaginn kemur.“ Í Mgbl. 22. febr. er skýrt frá því, að húsmæður hafi nú ákveðið að gangast fyrir því, að dregið verði eins og unnt er úr mjólkurneyzlu í bænum, þar til búið sé að fullnægja kröfum „Húsmæðrafélagsins“. Í Mgbl. 23. febr. er grein með yfirskriftinni: „Svör til húsmæðra“, undirrituð XXVII. Í niðurlagi greinar þessarar segir svo: „Og þess má vænta, að margar aðrar húsmæður og húsbændur sýni sambug sinn og félagskap með því að takmarka mjólkurkaup sín, svo sem frekast er fært, og auki þau ekki aftur fyrr en salan verður gefin frjáls . . .“ Í Mbl. 24. febr. er grein með fyrir-sögninni „Mjólkurstrið“, þar sem segir m. a., að húsmæður Reykjavíkur hafi ákveðið að draga eins og unnt sé úr neyzlu mjólkur frá og með deginum á morgun (þ. e. 25. febr.). 26. febr. skýrir Mgbl. frá því, að fyrsta dag húsmæðrasamtakanna hafi mjólkursalan minnkað stórlega, sennilega 2—3000 lítra. Þá eru bæjarbúar mjög hvattir til að standa saman í „mjólkurmálinu“, þ. e. minnka mjólkurkaup sín. Í sama tbl. er skýrt frá því, að þegar mjólkursölunefnd loks hafi gefið bæjarbúum kost á ógerilsneyddri barnamjólk, þá hafi verið ákveðið, að hún fengist aðeins úr Kleppsfiósi. Kleppskýrnar séu fóðraðar á heyi frá Laugarnesi, sem sjúklingar þar (holdsveikir) afli, og lækna vilji ekki fullyrða, að smit-hætta sé útilokuð. Í Mgbl. 28. febr. í greininni „Svar neytenda“ segir: „ . . . að þorri neytenda höfðu ákveðið að svara frekju og ósvifni mjólkursölunefndar með því að draga svo sem unnt er úr mjólkurkaupunum.“ Ennfremur segir í grein þessari, að mjólkurneyzlan hafi minnkað mjög mikið. Í sama tbl. segir í greininni: „Val landbúnaðarráðherra“: „Kröfur húsmæðranna eru sanngjarnar og sjálfsagðar. Þær skulu sigra.“ Í Mgbl. 1. marz segir, að Reykvíkingar muni fylkja sér um samtök húsmæðranna og standa sem einn maður í baráttunni. Sama dag er grein í blaðinu, sem nefnist „Heitstrenging húsmæðranna í mjólkurstriðinu“. Er þar enn minnt á, að kýrnar á Kleppi, en þaðan kom barnamjólk samsölunnar, séu fóðraðar með heyi, sem sjúklingar á Laug-

arnesi hirði. Er greinin hvatning um að draga úr mjólkurkaupum hjá samsölunni, og segir m. a. í henni, að hafin sé skipulagsbundin samtök húsmæðra um allan bæ um að draga sem mest úr mjólkurkaupum, og „undir þessa heitstrenging taka allir þeir Reykvíkingar, sem ekki vilja verða þrælar harðstjóranna og kúgaranna.“ Í Mgbl. 2. marz segir, að mjólkursölunefnd sé komin í greiðsluvandræði, og að framleiðendur séu vonsviknir um hækkun á útborgunum. Ennfremur segir, að mjólkursölunefnd hafi að sögn kunnugra manna látið hella niður miklu af mjólk undanfarna daga og að kostnaður af starfrækslu samsölnunnar hafi reynzt óhæfilega hár. Í Mgbl. 3. marz er endurtekið, að mjólk hafi verið hellt niður, og að mjólkursölunefnd sé í greiðsluvandræðum. Í Mgbl. 5. marz segir, að konurnar séu að fylkja sér fastar saman, að mjólkursölunefnd virðist hafa komið í lóg í launafúlgum og „undirbúningsráðaleysisfálmi“ margra daga andvirði allrar þeirrar mjólkur, sem flutzt hefir til bæjarins, og að ef þeir, sem nú ráði mjólkursölunni, verði ekki sviptir umráðum hennar, þá muni þurfa nýja lántöku á hverjum mánuði og sennilega því stærri sem lengur líður. Þessi ummæli eru í grein, sem er undirrituð XXVII.

Í Vísi 14. febr. er grein með fyrirsögninni: „Kröfur reykviskra húsmæðra í mjólkursölumálinu“. Er þar skýrt frá því, að húsmæður ætli að beita sér fyrir því, að dregið verði úr mjólkurkaupum, ef kröfum „Húsmæðrafélagsins“ verði ekki fullnægt. Í sama blaði, 15. febr., birtist grein með fyrirsögninni: „Vaxandi mjólkursala?“, þar sem segir, að vafalaust virðist, að mjólkursalan hafi minnkað til stórra muna í höndum samsölnunnar. Þá er talað um, að mjólkurverkfall kommúnista muni engin teljandi áhrif hafa haft á mjólkursöluna, en jafnframt sagt, að miklu alvarlegri samtök vofi yfir, ef ekki verði unnið að því að koma á friði um mjólkursöluna.

16. febr. er grein í Vísi, sem nefnist: „Rógtungurnar“, þar sem sagt er, að konurnar hafi krafizt þess, að stjórn fyrirtækisins (þ. e. samsölnunnar) yrði þegar í stað tekin úr óvitalhöndum. „Hún (þ. e. stjórn samsölnunnar) virðist steinblind á báðum augum.“ „Verði kröfur reykviskra húsmæðra ekki teknar til greina, hver og ein, er ekki annað sýnna en að beinlinis og vitandi vits sé að því stefnt af hálfu valdhafanna að eyðileggja mjólkurmarkað bænda hér í Reykjavík.“

Í Vísi 18. febrúar er grein, sem heitir: „Batnar hægt“, og segir í henni, að mjólkursalan hér í bænum hafi farið þverrandi, síðan samsalan tók til starfa, og ennfremur: „Skýrsla Alþýðublaðsins, sú er það birta nýlega, sýndi það svo greinilega, að ekki verður um deilt. Samkvæmt þeirri skýrslu nemur hin þverrandi sala sem svarar allt að hálfri annari milljón lítra á ári eða jafnvel meira. Og verði ekki búið að sinna kröfum húsmæðranna hér í bænum fyrir tilskilinn tíma (25. þ. m.), má gera ráð fyrir, að salan fari enn mjög þverrandi. Húsmæðurnar í Reykjavík eru ekki líklegar til þess að renna frá góðum málsstað og ganga til hlýðni við hina verstu menn . . .“ Í Vísi 21. febr. birtist grein, sem nefnd er: „Gömul mjólk eða ný.“ Segir í grein þessari m. a.: „Nú er engin trygging fyrir því lengur, að allur almenningur í Reykjavík geti fengið keypta nýja mjólk. Menn geta átt von á því dag hvern, að margra sólarhringa gamalli mjólk sé sulað saman við nýmjólkina, sem til fellur daglega í Reykjavík og nágrenni hennar.“ „Þetta er eitt hið versta fólksuverk, sem unnið hefir verið í mjólkurmálunum — fólksuverk í garð neytenda mjólkurinnar.“ „Það er óhugsandi, að þessu til-tæki verði svarað með öðru en því, að fólk kippi mjög að sér hendinni um mjólkurkaup, meðan svona stendur.“ Í Vísi 22. febr. birtist grein, sem nefnist: „Mjólkurmálið“, þar sem segir m. a.: „Það reynir á þetta nú næstu dagana, því að nú fer að draga að úrslitum í þessu máli. Húsmæður bæjarins hafa haft forgöngu í málinu og þær mega ekki láta neinn bilbug á sér finna héðan af.“ „Sinni þingið ekki heldur kröfum reykviskra húsmæðra, er ekki nema um eina leið að ræða í þessu máli, og hún er sú, að menn hætti að kaupa mjólk, unz gengið verður að öllu að þeim kröfum, sem börnar hafa verið fram.“ — Í sama blaði 23. febr. birtist grein eftir stefndu Ragnhildi Pétursdóttur, sem endaði á þessum orðum: „... að fjöldi fólks í bænum er ákveðinn í að hætta að nota mjólk til heimilis 25. þ. m., eða á mánu-daginn kemur, ef ekki verða uppfylltar þær kröfur, sem húsmæður hafa borið fram og birtar hafa verið í dagblöðunum.“ Í Vísi 24. febr. er, auk tillögunnar, sem áður getur, í sömu grein og tillagan var birt í, eftirfarandi setning: „Munu því húsmæður þær, sem standa að þeim kröfum, sem gerðar hafa verið í mjólkurmálinu og ekki hefir verið sinnt, takmarka mjólkurkaup sín svo mjög sem frekast er fært,

eins og segir í tillögu nr. 2 hér að framan, og gera það áfram, unz kröfum þeirra verður sinnt að fullu“. Í sama töl. er grein með yfirskriftinni: „Hótanir dagblaðsnefnunnar“, þar sem segir m. a.: „... og það á að vege upp á móti því, að húsmæður þessa bæjar í þúsundatali minnka mjólkurkaup sín eða hætta þeim alveg, vegna ósvífní og ósanngirni meiri hluta mjólkursölunefndar.“ „Meginhluti borgaranna mun taka þátt í samtökum húsmæðranna og styðja þær eftir megni.“ Í sama blaði, 27. febr., er grein með yfirskriftinni: „Hótanir“, og stendur þar: „Það getur vel farið svo, að mjólkurdeilan standi lengi. Og allan þann tíma ... verða þúsundir bæjarbúa að venjast af mjólkurneyzlu að nokkru eða öllu leyti. Standi deilan lengi, má óhikað gera ráð fyrir, að fjölmargir Reykvikingar haldi enn uppteknum hætti ... og noti minni mjólk en þeir gerðu áður en deilan hófst. Þarna er alvarleg hættu á ferðum fyrir mjólkurframleiðendur ...“ Ennfremur er bent á þann möguleika, ef samkomulag náist ekki, „... að færa út viðskiptatakmarkanirnar og láta þær ná til allra mjólkurafurða á svæði því, er mjólkursamsalan tekur yfir.“ Í sama töl. er grein eftir stefndu Guðrúnu Lárusdóttur, þar sem húsmæður eru hvattar til að láta ekkert draga úr áhuga sínum í „mjólkurmálinu“, og endar greinin þannig: „munu húsmæður hvorki hika né hópá, heldur stefna beint að settu marki, með þeirri þrautseigju og staðfestu, sem einkennir samtök kvenna, þegar í harðbakka slær.“ Ennfremur er í þessu töl. gefið í skyn, að samsalan láti hella mjólk í sjóinn. Í Vísí 28. febr. segir, að talið sé, að mjólkurneyzlan hér í bænum fari daglega þverrandi. Í sama blaði 1. marz segir, að Reykvikingar geti neitað sér um mjólk að allmiklu leyti og geti líka komizt af án osta, skyrs og rjóma. Í Vísí 2. marz er grein, sem kölluð er „Skemmd mjólk“, þar sem sagt er, að kvartað sé undan því, að samsalan selji súra og gallaða mjólk, jafnvel mjög súra og ódrekkandi. Segir ennfremur, að skýrt hafi verið frá því í blöðunum, að mönnum hafi verið seld 5 daga gömul mjólk. Í Vísí 4. marz er talað um, að samtökin um minnkuð mjólkurkaup séu að eflast, mjólkurneyzlan hafi minnkað, og húsmæður hvattar til að standa saman.

Hér að framan hafa nú verið rakin afskipti hinna stefndu af „mjólkurmálinu“, fyrst að því leyti, sem telja má, að um beina og raunverulega samvinnu hinna stefndu kvenna og

ritstjóra Morgunblaðsins annarsvegar og ritstjóra Vísis hinsvegar hafi verið að ræða, og síðan afskipti hvers einstaks hinna stefndu að því leyti, sem það er unnt, eftir framlögðum gögnum.

Verða nú kröfur aðilja athugaðar.

Frávísunarkrafan.

Frávísunarkröfuna byggja stefnd á því, að jafnvel þótt um skaðabætur frá hinum stefndu, einu eða fleirum, kynni að vera að ræða, sem þó ekki sé, þá sé verknaður hvers einstaks alveg sérstæður út af fyrir sig, nema þá helzt stofnun „Húsmæðrafélagsins“ af hálfu hinna stefndu kvenna. Skrif Morgunblaðsins og Vísis séu alveg sjálfstæð, hvor fyrir sig, og ekki geti konurnar borið ábyrgð á skrifum blaðanna, þó eitthvað væri við þau að athuga. Hér sé því ekki um samþök að ræða, og því ekki um solidariska greiðsluskyldu. Af því leiði, að hér sé um óheimila subjectiva kumulation að ræða, sem varða eigi frávísun málsins í heild, og þá einnig að því er snertir hinar stefndu konur, enda sé ýmislegt af því, sem þær séu sakaðar um, alveg sérstakt fyrir hverja þeirra um sig.

Stefnandi telur hinsvegar, að þátttaka allra hinna stefndu í árásunum á samsöluna sé svo samofin, að ekki sé unnt að aðgreina þátt hvers einstaks í verknaðinum, og því beri þau solidariska ábyrgð á tjóni því, er hann telur þau hafa valdið samsölnunni, og þess vegna sé heimilt að stefna þeim saman til greiðslu bóta fyrir það.

Eins og sést af því, er áður segir, beittu hinar stefndu konur sér fyrir því, að félagskonur í „Húsmæðrafélaginu“ og almenningur yfirleitt drægi úr viðskiptum sínum við samsöluna, ef vissum kröfum „Húsmæðrafélagsins“ yrði ekki fullnægt, og fengu þær m. a. samþykktar tillögur á fundum „Húsmæðrafélagsins“ um þessi efni. Þessar tillögur birtu hinir stefndu ritstjórar í blöðum sínum og útbreiddu þær þannig mjög mikið og tóku jafnan vel undir þær að efni til og hvöttu almenning til að breyta eftir þeim. Upplýst er og, að bæði blöðin birtu tillögur og áskoranir „Húsmæðrafélagsins“ ókeypis. Ennfremur verður að telja það játað af báðum aðiljum máls þessa, að „mjólkurmálið“ hafi verið pólitískt, og þar sem alkunna er, að blöð hinna stefndu ritstjóra vinna saman í slíkum málum, þá þykir mega telja,

að einnig muni hafa verið nokkur samvinna milli hinna stefndu ritstjóra í málinu.

Það er viðurkennd regla íslensks réttar, að hafi margir menn valdið tjóni í sameiningu, þá beri þeir solidaríska ábyrgð á bótum fyrir það gagnvart þeim, sem fyrir tjóninu varð. Hér verður rétturinn að lita svo á, að ef komizt yrði að þeirri niðurstöðu, að verknaður hinna stefndu hafi verið óréttmætur og skaðabótaskyldur gagnvart samsölunni, eins og stefnandi telur, þá verði að telja öll hin stefndu bera solidaríska ábyrgð á tjóninu, þar sem þau yrði öll að teljast hafa valdið því með samskonar og jafnvel samtímis (sbr. hve lengi ádeilurnar stóðu) athöfnum, og þannig að ómögulegt væri að gfeina þátt hvers einstaks í því. Rétturinn verður því að telja, að hér sé um heimila málasamsteypu að ræða og beri því að leggja efnisdóm á málið að því er öll hin stefndu snertir.

Af þessum ástæðum er heldur ekki unnt að sýkna af solidarískri greiðsluskyldu, eins og stefnd telja, ef komizt yrði að þeirri niðurstöðu, að hin stefnd hefðu á óréttmætan hátt bakað samsölunni tjón, því rétturinn telur einmitt samkvæmt framansögðu hin stefndu bera solidaríska ábyrgð á greiðslu tjónsins, ef talið yrði, að þau hafi valdið samsölunni tjóni á þann hátt, að bótaskyld sé.

Skaðabótakrafan.

Skaðabótakröfuna byggir stefnandi á því, að stefnd hafi öll í sameiningu haldið uppi látlausum, en óréttmætum, árásum á mjólkursamsöluna hér í bænum, stuðlað að samtökum neytenda um að takmarka mjólkurkaup, þannig að óréttmætt verði að teljast, og yfirleitt á allan hátt gert það, sem í þeirra valdi stóð, til að spilla rekstri Mjólkursamsölnnar, torvela sölu á mjólk og mjólkurafurðum og rýra álit og fjárhagslegt traust samsölnnar. Með þessum aðförum telur stefnandi hin stefndu hafa valdið samsölunni tjóni, og beri þeim að bæta það, öllum í sameiningu.

Hinar stefndu konur byggja sýknukröfu sína á því, að „Húsmæðrafélagið“ hafi ekki framið neinn ólögmetan eða skaðabótaskyldan verknað gagnvart samsölunni. Það hafi aðeins beitt sér fyrir því, að meðlimir þess minnkuðu mjólkurkaup sín, unz ákveðnum kröfum um breytingar og endurbætur á fyrirkomulagi mjólkursölnnar og meðferð mjólk-

urinnar yrði fullnægt. Samkvæmt stjórnarskránni hafi félagsstofnunin verið heimil, og þar sem engin skylda hvíli á borgurunum til að kaupa mjólk, þá geti ekki verið óheimilt að minnka við sig mjólkurkaup og hvetja aðra til þess að gera það líka. Tilgangur samtakanna hafi einungis verið sá, að fá skipulag samsölnunnar lagfært, en alls ekki sá að skaða hana né mjólkurframleiðendur. Og fullheimilt sé talið samkvæmt íslenskum lögum að beita svipuðum aðferðum og hér hafi verið beitt til þess að koma fram kröfum sínum. Auk alls þessa mótmæla hinar stefndu því, að þær séu skaðabótaskyldar, jafnvel þótt talið yrði, að félagið hefði gengið lengra en lög leyfa í baráttu sinni fyrir endurbótum á samsölnunni. Ályktanir þær, sem gerðar hafi verið, og framkvæmd þeirra hljóti að vera alveg á ábyrgð félagsins sjálfs, en ekki á ábyrgð einstaklinga innan þess.

Ritstjórnarnir byggja sýknukröfu sína á því, að þar sem „Húsmæðrafélagið“ sé stofnað og hafi rekið starfsemi sína á alveg lögmatan hátt, þá leiði af því, að ekki geti verið ólöglegt og skaðabótaskyldt verk að segja frá stofnun þess, fyrirætlunum og ályktunum, né heldur að taka undir gerðir félagsins og fylkja sér um það. Og jafnvel þótt talið yrði, að konurnar hefði gengið lengra í umvöndunum sínum en heimilt hefði verið, þá gæti það ekki verið skaðabótaskyldt verk að skýra frá gerðum þeirra í þá átt. Ekki geti það heldur verið skaðabótaskyldt verk að skýra frá því, að mjólkurneyzlan hafi minnkað. Sú frásögn blaðanna, að samsalan hafi haft skemmda mjólk á boðstólum, sé að visu til þess lögð að spilla fyrir sölu mjólkurinnar, en hinsvegar fullkomlega rétt og geti því ekki skapað skaðabótaskyldu. Frásögn blaðanna um greiðsluvandræði mjólkursölnunefndar sé ekki til þess fallin að draga úr mjólkurkaupum manna. Það atriði snerti aðeins framleiðendur, sem að lögum séu bundnir við samsölnuna. Um skaðabætur fyrir þá frásögn geti því ekki verið að ræða. Þótt sagt hefði verið í blöðunum, að mjólk hafi verið hella niður, þá sé það síður en svo skaðabótaskyldt verk, þar sem frásögnin hafi einmitt verið til þess fallin að eyða ótta manna við, að þeim yrði seld skemmd mjólk. Hvað snerti Kleppsmjólkina, þá sé allt, sem um hana sé sagt, fullkomlega réttmætt. Og þar sem læknar treysti sér ekki til að fortaka, að sýkingarhætta geti stafað af henni, þá sé eigi unnt að fara of hörðum orðum um það tiltæki að velja ein-

mítt hana fyrir „barnamjólk“. Skaðabótaskylda út af ummælunum um Kleppsmjólkina sé því algerlega útilokuð. Loks mótnæla hinir stefndu ritstjórar því harðlega, að þeir hafi ráðizt á Samsöluna í þeim tilgangi að spilla fyrir henni, en telja, að ætlunin hafi einungis verið sú, að þerjast fyrir nauðsynlegum endurbótum á framkvæmd mjólkurlaganna.

Að því er virðist, hafa breytingar þær, sem forgöngukonur „Húsmæðrafélagsins“ og síðar félagið sjálft beitti sér fyrir, aðallega verið þessar: 1) að bókunarhús í bænum hefðu jafnan rétt til brauðsölu í búðum samsölnnar, en svo var ekki; 2) að leyfð yrði sala mjólkur í öllum brauðbúðum bæjarins, enda uppfylli þær settar heilbrigðisreglur; 3) að heimsend mjólk verði komin til neytenda eigi síðar en kl. 8 f. h.; 4) að skilvísun mönnum sé gefinn kostur á að vera í viku- eða mánaðarreikningi hjá samsölnni; 5) að þeir, sem óska, geti fengið ógerilsneydda mjólk frá Korpúlfsstaðabúinu, þar á meðal „barnamjólk“; 6) að tryggt verði, að mjólkurframleiðendur innan lögsagnarumdæmisins geti haldið áfram beinum viðskiptum við neytendur með sölu ógerilsneyddrar mjólkur; 7) að samsalan selji ekki gamla og hálfskemmda mjólk, en auglýsi hinsvegar, hvar úrvalsmjólkurvörur séu seldar.

Þessar kröfur telja hin stefndu, að allar miði til þess að endurbæta fyrirkomulag samsölnnar og tryggja neytendum betri vörur og hagkvæmara sölufyrirkomulag.

Stefnandi heldur því hinsvegar fram, að kröfur hinna stefndu til breytinga hafi yfirleitt verið til þess að gera mjólkursöluna erfiðari og verri og einnig beint að því, að lakari vörur væru hafðar á boðstólum, auk þess sem þær hafi verið ósamrýmanlegar gildandi lögum um mjólkursölu.

Í málinu liggja ekki fyrir gögn til að rannsaka réttmæti ofangreindra krafna, enda er ekki nauðsyn þeirrar rannsóknar, því að skaðabótaskyldan veltur á því, hvort stefndu var rétt, til þess að fá kröfunum framgengt, að bindast samtökum um það að fá fólk almennt til að hætta viðskiptum við samsöluna og leggja stofnunina þar með að velli, og hvort frásagnir og staðhæfingar þeirra um samsöluna og vörur hennar í þessum sama tilgangi voru réttmætar.

Eins og hin tilfærðu ummæli hinna stefndu og skjöl málsins bera með sér, héldu þau því fram: 1) að samsalan seldi skemmdar mjólkurvörur og verri en áður

tíðkaðist, 2) að gerilsneydd mjólk (en samsölumjólkin var öll gerilsneydd) væri óholl og jafnvel hættuleg ungbörnum; 3) að samsalan léti blanda gamalli mjólk saman við nýju mjólkina, áður en hún færi á markaðinn; 4) að samsalan léti hella mjólk niður; 5) að samsalan væri í greiðsluvandræðum og 6) að Kleppsmjólkinn kynni að vera hættuleg (sbr. framansagt).

Stefnandi mótmælir því harðlega, að nokkur þessara ásakana (1—6) hafi haft við minnstu rök að styðjast, að öðru leyti en því, að skyr samsölnunnar hafi verið eitthvað gallað fyrst í stað, og verður nú athugað, hvort hinum stefndu hefir í máli þessu tekizt að sanna þessar staðhæfingar sínar.

1. *Skemmdar mjólkurvörur og verri en áður tíðkaðust.*

Þessari staðhæfingu sinni til sönnunar hafa hin stefndu lagt fram vottorð frá á 2. hundrað mjólkurneytendum hér í bænum. Hefir þeim öllum verið mótmælt sem röngum og í upphafi sem óstaðfestum, en milli 40 og 50 þeirra hafa síðar verið staðfest fyrir rétti. Hníga vottorðin öll í þá átt, að vörur samsölnunnar hafi verið eitthvað gallaðar og verri en áður tíðkaðist. Helstu galla á vörunum telja vitnin þessa: mjólkinn hafi verið með óbragði, fúl, þynnri en áður, súr og súrgjörn; þá hafi rjóminn verið bragðvondur, súr og þynnri en áður, og skyrið verið ónothæft til manneldis.

Þessar skýrslur vitna, sem búsett eru viðsvegar um bæinn og því ekki hafa haft viðskipti við sama útsölustað, þykja sanna það nægilega, að vörur samsölnunnar á þeim tíma, er vottorðin hljóða um, en það eru fyrstu vikur samsölnunnar, hafi í mörgum einstökum tilfellum verið verulega gallaðar, og því réttmætt, að fundið væri að þeim opinberlega. En þessar skýrslur eru hinsvegar ekki næg sönnun þess, að vörur samsölnunnar yfirleitt hafi verið gallaðar.

Þá hafa stefnd ennfremur bent á grein í *Alþýðublaðinu* 6. febr. 1935, sem þau telja sýna, að samsalan hafi selt gallaðar vörur, en sú grein verður ekki talin sönnunargagn í máli þessu, þegar af þeirri ástæðu, að stefnandi hefir eindregið mótmælt, að hún hafi við rök að styðjast, og staðhæfingar greinarinnar eru ekki sannaðar í málinu.

Rétturinn litur því svo á, að hin stefndu hafi ekki fyllilega réttlætt staðhæfingar sínar um hérgreind atriði, og að þau hafi kveðið hér fastar að orði en vera bar.

2. Óhollusta gerilsneyddrar mjólkur handa ungbörnum.

Að visu hafa allmörg vitni borið það, að börnum þeirra hafi orðið illt af mjólk frá Samsölunni og sum hafi látið illa við henni. En fyrrgreind staðhæfing stefndu þykir þó ekki fullsönnuð með þessum vitnisburðum, með því að fyrir liggur í málinu álit landlæknis, sem að visu við-urkennir þörf „barnamjólkur“ handa ungbörnum, sem ekki eru lögð á brjóst, en þó sé þörfin fyrir ungbarna-mjólkina engan veginn skýlaus.

3., 4. og 5. *Mjólkurblöndunin, niðurhelling mjólkur og greiðsluvandræðin.*

Engin þessara staðhæfinga er sönnuð.

6. Kleppsmjólkinn.

Sú ógerilsneydda barnamjólk, sem samsalan byrjaði að hafa á boðstólum í febr. 1935, var úr Kleppsfiðsinu, en kýrnar þar eru að einhverju leyti fóðraðar með töðu frá Lauganesi, sem sjúklingar þar hirða að nokkru. Þessa ráð-stöfun töldu hinir stefndu ritstjórar mjög óviðeigandi og jafnvel ekki hættulausa, þar eð þeir töldu lækna ekki vera vissa um, hvort hægt væri að treysta því, að hún gæti ekki valdið holdsveikissmitun. Það er upplýst í málinu, að læknar á Kleppi nota og hafa lengi notað þessa mjólk handa sér, fjölskyldum sínum og sjúklingum. Það virðist því ekki hafa verið næg ástæða til að skrifa um mjólk þessa á þann hátt sem gert var, enda ekki líkur færðar fyrir því í máli þessu (t. d. álit lækna), að mjólkinn frá Kleppi sé varhugaverð til neyzu.

Þessum staðhæfingum (1—6) héldu hin stefndu á loft bæði í ræðu og riti og skoruðu jafnframt á almenning að draga úr kaupum sínum á vörum samsölnnar (sbr. t. d. tilkynninguna í Morgunblaðinu 24. febr. 1935), enda þótt því sé neitað í máli þessu af hálfu stefndra, að unnið hafi verið að minnkun mjólkurkaupa annarra en félaga „Húsmæðrafélagsins“. Ennfremur var allt af samtímis veizt mjög að forráðamönnum samsölnnar, án þess að réttmæti þeirra árása hafi verið sannað.

Samkvæmt því, er nú hefir verið sagt, verður að lita svo á, að umsagnir stefndu um vörur og forráðamenn

samsölunnar hafi ekki verið réttlættar. Því þótt telja megu upplýst, að ein vörutegund, skyrið, hafi verið meingölluð, og gæðum mjólkur og rjóma stundum ábótavant, og skipulag samsölunnar í fyrstu á ófullkomnu stigi, þá verður að telja, að stefndu í aðgerðum sínum og skrifum hafi farið út fyrir takmörk réttmætrar gagnrýni með því að telja, að stofnunin hafi unnið sér til óhelgi og rétt og skylt væri að ráða niðurlögum hennar af nefndum ástæðum.

Með því að telja verður nefndar ásakanir og aðgerðir til þess fallnar að draga úr eðlilegum viðskiptum almennings við samsöluna og vekja tortryggni í garð hennar og forráðamanna hennar, þá telur rétturinn að dæma beri hin stefndu til greiðslu skaðabóta í máli þessu.

Hinar stefndu konur hafa, sem áður er sagt, borið það sérstaklega fram sér til sýknu, að þær beri ekki persónulega ábyrgð á tjóni því, sem samsalan kunni að hafa beðið vegna ályktana „Húsmæðrafélagsins“ um minnkun mjólkurkaupa. Það er upplýst í málinu „að hinar stefndu konur höfðu alla forgöngu í „mjólkurmálinu“, börðust fyrir minnkun mjólkurkaupa, báru fram áður greindar tillögur í „Húsmæðrafélaginu“ og mæltu með samþykkt þeirra. Samkvæmt því, sem áður segir, hafa þær með þessu framið skaðabótaskyldan verknað, sem ekki er unnt að telja að þær hafi unnið á fjárhagslega ábyrgð „Húsmæðrafélagsins“, heldur verður að fallast á það með stefnanda, að konurnar séu persónulega ábyrgar fyrir tjóninu. Hin stefndu verða því öll dæmd solidarisk til að bæta samsölunni það tjón, sem komizt kann að verða að raun um, að verknaður þeirra hafi bakað henni.

Upphæð bóttanna.

Stefndi telur, að samkvæmt útreikningi Mjólkursamsölunnar nemi tjón það, er hún hafi beðið vegna afskipta hinna stefndu, samtals kr. 5365.20. Er þessi tala þannig fundin, að reiknuð er út daglega meðalminnkun mjólkursölunnar þann tíma, sem bóta er krafizt fyrir, miðað við meðalsölu 1.—24. febr. 1935, og sú tala margfölduð með dagafjöldanum, sem bóta er krafizt fyrir. Er talið, að minnkunin þetta tímabil sé samtals 13413 litrar og með því að telja tap samsölunnar á hverjum litra, sem ekki seldist, kr. 0.40, fær stefnandi út ofangreinda upphæð (kr. 5365.20).

Hin stefndu hafa ekki véfengt skýrslu stefnanda um minnkun mjólkurkaupa, en telja hinsvegar minnkunina stafa af mörgu öðru en samtökum húsmæðra og skrifum Morgunblaðsins og Vísis og mótmæla því upphæðinni sem langt of hárrí.

Af því, sem fyrir liggur í málinu, er það vafalaust, að minnkun mjólkurkaupanna stafaði að verulegu leyti af því, að mörgum neytendum líkaði ekki vörur samsölunnar, sbr. framburð vitnanna, sem flest tóku það fram, að þau hefðu dregið úr mjólkurkaupunum af þeirri ástæðu.

Samkvæmt þessu hlýtur það að verða verulegt álitamál, hversu mikið tjón Samsalan beið vegna aðgerða stefndu, og hversu mikið neytendur hafa af sjálfsdáðum minnkað kaup sín vegna gallaðrar vöru og óhagræðis, sem telja verður upplýst, að samsalan hafi bakað viðskiptamönnum í byrjun. En réttinum virðist eftir því, sem fyrir liggur, að sá hluti tjónsins, sem stefndu teljast eiga að bera ábyrgð á, sé hæfilega ákveðinn kr. 2000.00.

Samkvæmt framansögðu verða því úrslit málsins þau, að hin stefndu verða in solidum dæmd til að greiða stefnanda kr. 2000.00 með vöxtum eins og krafizt hefir verið og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 200.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefnd, Jón Kjartansson, Valtýr Stefánsson, Páll Steingrímsson, Guðrún Lárusdóttir, Ragnhildur Pétursdóttir og Guðrún Jónasson, greiði in solidum stefnandanum, séra Sveinbirni Högnasyni f. h. Mjólkursölunefndar kr. 2000.00, með 5% ársvöxtum frá 21. marz 1935 til greiðsludags og kr. 200.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.